



Borgarráð

Íþróttafélagið Fylkir - Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á aðalvelli félagsins við Fylkisveg.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á aðalvelli Íþróttafélagsins við Fylkisveg.

Greinargerð:

Með bréfi til borgarstjóra dags. 20. mars 2015 óskaði formaður Fylkis eftir því að Reykjavíkurborg tæki til skoðunar lagningu gervigrass á aðalvöll félagsins við Fylkisveg og að félagið myndi losa á móti um, 1.4 hektara lands við Hraunbæ sem Fylkir hefur haft til afnota og umræða fyrir knattspyrnuæfingar á vegum félagsins

Þann 24. nóvember 2016 samþykkti borgarráð verkefnislýsingu vegna gerðs nýs deiliskipulags fyrir Hraunbæ-Bæjarháls við Tunguháls, sem felst í breyting á hagnýtingu lóðarinnar úr opnu svæði í íbúðarbyggð og fjölgun íbúða.

Borgarráð samþykkti síðan þann 12. janúar 2017 að hefja viðræður við Íþróttafélagið Fylki um skil á æfingasvæði félagsins við Hraunbæ og endurbætur á aðalvelli félagsins. Gert verði ráð fyrir að Íþróttafélagið Fylkir flytji starfsemi sína frá æfingasvæði sínu við Hraunbæ en á móti verði sett gervigras á aðalvöll félagsins með flóðljósum. Við þetta mun nýtingartími aðalvallar félagsins aukast verulega og önnur mannvirki sem fyrir eru nýtast betur.

Sú breyting, að setja flóðljós við aðalvöll Fylkis, kallaði á breytingu á deiliskipulagi á svæði félagsins og hefur verið unnið að því á vegum Umhverfis- og skipulagssviðs.

Samkvæmt meðfylgjandi samkomulagsdrögum er gert ráð fyrir því að lagt verði gervigras á aðalvöll félagsins ásamt nauðsynlegu undirlagi með snjóbræðslukerfi og vökvunarkerfi á aðalvöll félagsins og koma fyrir flóðlýsingu á þessu ári. Á móti mun Fylkir skila til Reykjavíkurborgar því svæði sem þeir hafa haft og nýtt milli Hraunbæjar og Bæjarháls þegar lokið er við að leggja gervigras á aðalvöll félagsins. Reykjavíkurborg og Íþróttafélagið Fylkir mun skipa starfshóp sem á tímabilinu 1. ágúst – 31. október 2017 mun vinna þarfagreiningu vegna framtíðaraðstöðu Fylkis.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Drög að samkomulag við Fylki, dags 25. júlí 2017.

Erindi Íþróttafélagsins Fylkis, dags. 20. mars 2015.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, Reykjavík og Íþróttafélagið Fylkir, kt. 481173-0359, Fylkisvegi 6, 110 Reykjavík, hér eftir nefnt Fylkir, gera með sér eftirfarandi

samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á aðalvelli félagsins við Fylkisveg.

1. *Breytingar á aðalvelli.*

Reykjavíkurborg tekur að sér að leggja gervigras ásamt nauðsynlegu undirlagi með snjóbræðslukerfi og vökvunarkerfi á aðalvöll félagsins og koma fyrir flóðlýsingu. Einnig verður annað sem tilheyrir vellinum svo sem girðingar, vallarklukka, mörk og varamannaskýli endurnýjað. Reykjavíkurborg útvegar aðstöðu fyrir tæknibúnað vallarins, innréttar hana og sér um endurnýjum heimæðar sé þess þörf.

Fylkir mun sjá um að ljúka öðrum nauðsynlegum framkvæmdum við völlinn þar með talið: salerni, sjúkrahverbergi, fundaraðstöðu, blaðamannaaðstöðu, veitingasölu, barnahverbergi o.fl.

Breytingar á aðalvelli og flóðljós eru með fyrirvara um deiliskipulag.

Áætlað er að framkvæmdum verði lokið fyrir árslok 2017.

Völlur og búnaður verði eign Reykjavíkurborgar að framkvæmdum loknum og mun Reykjavíkurborg annast rekstur vallarins, líkt og er með aðra gervigrasvelli á svæðum íþróttafélaga í borginni

2. *Skil á æfingasvæði milli Hraunbæjar og Bæjarháls.*

Fylkir skilar til Reykjavíkurborgar því svæði sem þeir hafa haft og nýtt milli Hraunbæjar og Bæjarháls þegar lokið er við að leggja gervigras á aðalvöll félagsins samkvæmt 2. grein.

3. *Nýjar lóðir við Hraunbæ.*

Reykjavíkurborg stefnir að því að úthluta lóðum sem til verða á því svæði sem Fylkir losar við Hraunbæ og mun ákveða söluverð lóða. Verði söluverð byggingarréttar hærri en sem nemur 400 milljónum sem er fyrirhugaðar kostnaður við endurbætur samkvæmt 2. grein mun 20% af söluverði sem verður umfram framkvæmdakostnað fara í aðrar endurbætur á svæði Fylkis.

4. *Framtíðaruppbygging á aðstöðu Fylkis.*

Reykjavíkurborg og Íþróttafélagið Fylkir mun skipa starfshóp sem á tímabilinu 1. ágúst – 30. september 2017 mun vinna þarfagreiningu vegna framtíðaraðstöðu Fylkis og á grundvelli þeirra þarfagreiningar gera tillögu um samstarfssamning um uppbyggingu á framtíðaraðstöðu félagsins. Mun borgarstjóri leggja fram erindisbréf starfshópsins í byrjun ágúst.

Reykjavík 20. mars 2015.

Hr. borgarstjóri,
Dagur B. Eggertsson
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu
101 Reykjavík.

Varðar: Íþróttafélagið Fylki.

Íþróttafélagið Fylkir leggur áherslu á að breyta aðalknattspyrnuvelli félagsins og æfingavelli í góða gervigrasvelli. Reynslan sýnir að nýting á grasvöllum er lítil yfir árið í heild.

Fylkir hefur í áratugi nýtt svæði milli Hraunbæjar og Bæjarháls til knattspyrnuæfinga fyrir yngri flokka. Þetta svæði er um 175 m langt og 80 m breitt sé mælt frá gangstéttum, stígum og öðrum mannvirkjum sem afmarka svæðið. Alls er svæðið því nær 14.000 fermetrar eða 1,4 hektarar.

Þetta svæði hefur verið Fylki mikils virði í áratugi en nútíminn kallar á betri aðstöðu á heimasvæði Fylkis. Verði öll knattspyrnuíðkun færð yfir á aðalsvæði Fylkis myndu losna 1,4 hektarar á góðum stað sem Reykjavíkurborg gæti nýtt til þess að þetta byggð. Aukinn fjöldi barna og iðkenda íþrótta í hverfinu kæmi Fylki til góða og er í takt við markmið Reykjavíkurborgar um þéttingu byggðar.

Óskað er eftir að borgin taki jákvætt til skoðunar lagningu gervigrasvalla fyrir Fylki en fái í staðinn 1,4 hektara til þess að þetta byggð.

Fjárhagslegur ávinningur borgarinnar til lengri tíma litið er verulegur af þessum hugmyndum/áformum um betri nýtingu á borgarlandi. Hagsmunir Reykjavíkurborgar og Fylkis fara hér saman.

Fh. Íþróttafélagsins Fylkis,
Björn Gíslason formaður.

